

Lagabreytingartillaga - skátaheit

Lagt er til að eftirfarandi grein:

4. grein

Íslenska skátaheitið er svohljóðandi:

Ég lofa að gera það sem í mínu valdi stendur til þess;

að gera skyldu mína við guð og ættjörðina,

að hjálpa öðrum og að halda skátalögin.

Verði svohljóðandi:

4. grein

Íslenska skátaheitið er eitt heit í tveimur útfærslum. Sérhverjum skáta er frjálst að velja á milli þeirra valkosta sem hér eru skáletraðir. Heitið er svohljóðandi:

Ég lofa að gera það sem í mínu valdi stendur til þess;

að gera skyldu mína við *guð/samvisku* og *ættjörðina/samfélag*,

að hjálpa öðrum og að halda skátalögin.

Greinargerð

Undanfarin ár hefur skátahreyfingin á Íslandi verið í mikilli sjálfskoðun; tekið upp nýja skátadagskrá, endurskoðað skátalögin, komið á fót endurskoðaðri þjálfunar- og fræðsludagskrá fyrir fullorðna skáta og gert gangskör í upplýsingamálum. Sömuleiðis hafa mörg erlend skátabandalög verið í svipaðri sjálfskoðun. Sú sjálfskoðun hefur í sumum tilfellum falið í sér nýjar útfærslur á skátaheitum bandalaganna, í takt við samfélagsþróun. Íslenska skátaheitið hefur einnig verið í umræðunni á síðustu skátaþingum og á milli þeirra. Mikil vinna hefur farið í að kanna vilja íslenskra skáta, koma af stað umræðu á öllum stigum skátastarfs og skoða nýjar útfærslur á heitinu. Árið 2012 var rithöfundurinn Þórarinn Eldjárn fenginn til að semja útfærslu á íslensku skátaheiti sem í senn væri hljómfagurt og næði utan um þau gildi sem íslenskir skátar vilja staðfesta með skátaheitinu. Út úr þeirri vinnu Þórarins komu hugtökin “samviska” og “samfélag”, sem hann stakk upp á að kæmu í stað “guðs” og “ættjarðar”.

Eftir ígrundaða umræðu höfum við undirrituð komist að þeirri niðurstöðu að best sé að bjóða upp á valkosti sem sérhverjum skáta er frjálst að velja á milli. Þannig getur skátinn,

sama á hvaða aldri hann er, valið hvort hann heitir á guð eða samvisku sína. Skátinn getur einnig valið á milli þess að heita á ættjörðina eða samfélagið. Yngri skátar geta tekið þessa ákvörðun í samráði við foreldra sína. Við viljum meina að þetta falli betur að því fjölmenningsamfélagi sem Ísland er og henti betur skátasveitum þar sem saman rúmast ólíkar lífsskoðanir og þar sem skátarnir eru jafnvel með ólíkan bakgrunn og af margvíslegu þjóðerni.

Skátaheitið er eitt heit og allir skulu fara með það á sama tíma, óháð því hvaða tvö orð þeir velja sér. Við undirrituð vonumst til að skátaheitið með þessum valkvæðu útfærslum, verði heit sem allir íslenskir skátar geta farið með af stolti og einlægni.

Arnór Bjarki Svarfdal
Guðrún Häsler
Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir
Vilborg Norðdahl